

## STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Íslensk verðbréf hf. leggja höfðuáherslu á heiðarleika og óhæði í starfsemi sinni. Félagið er sérhæft eignastýringarfyrirtæki og stundar ekki eigin viðskipti eða lánstarfsemi.

Hvað varðar stjórnarhætti fylgir félagið eftir fremsta megni svokölluðum „Stjórnarháttum fyrirtækja“ sem er leiðbeiningarit sem kom fyrst út árið 2004 í samstarfi Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins. „Stjórnarhættir fyrirtækja“ hafa að geyma leiðbeiningar um innleiðingu á ákveðnum vinnureglum, umfram það sem kveðið er á um í lögum. Þeim er meðal annars ætlað að styrkja innviði fyrirtækja og auka traust almennings á starfsemi þeirra. Í kjölfar efnahagskreppunnar, sem hófst með bankahruninu á haustdögum 2008, voru „Stjórnarhættir fyrirtækja“ endurskoðaðir og innihalda nú bæði fleiri og ítarlegri ákvæði en fyrri leiðbeiningar. Ritið er nú aðgengilegt í 3. útgáfu frá 18. júní 2009, á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands <http://www.vi.is>.

Hér að neðan er að finna nánari upplýsingar um einstaka þætti í stjórnarháttum Íslenskra verðbréfa hf.

### Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn Íslenskra verðbréfa er skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Hún fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Auk stjórnar sitja framkvæmdastjóri og forstöðumaður lögfræðisviðs fundina. Forstöðumaður lögfræðisviðs sér um að taka saman fundargerð. Stjórnin skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og getur ein veitt prókúruumboð fyrir félagið. Stjórn félagsins ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórnin starfar samkvæmt „Starfsreglum stjórnar“ þar sem kveðið er ítarlega á um störf hennar.

Stjórnin hefur engar undirnefndir.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir

MVL

SA



starfsmenn félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins en skal hafa samráð við stjórn við ráðningar ef við á.

## Upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra

**Magnús Gauti Gautason** er framkvæmdastjóri VSÓ Ráðgjafar á Akureyri/Rekstrarráðgjöf Norðurlands.

Hann er rekstrarhagfræðingur frá Uppsala háskóla 1974. Hann hefur stundað MBA-nám við Herriot-Watt University í Edinborg og nám í tölvunarfræðum við Háskólann í Reykjavík.

Hann starfaði hjá KEA frá 1974-1998, þar af var hann Kaupfélagsstjóri 1989-1998. Hann var framkvæmdastjóri Snæfells á Dalvík 1998-2000 en hefur verið Framkvæmdastjóri VSÓ Ráðgjafar á Akureyri / Rekstrarráðgjöf Norðurlands frá 2000.

Magnús Gauti er formaður stjórnar Íslenskra Verðbréfa hf. og hefur setið í stjórn félagsins frá mars 2011. Hann á engin hlutabréf í félaginu.

Nú situr hann einnig í stjórn Rekstrarráðgjafar norðurlands og hefur setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja og sjóða allt frá árinu 1987.

**Stefán Halldórsson** er rekstrarráðgjafi.

Hann er fæddur 1949 og menntaður félagsfræðingur frá Háskóla Íslands og rekstrarhagfræðingur (MBA) frá Tuck Business School (Dartmouth College) í New Hampshire í Bandaríkjunum. Stefán hefur starfað lengi á íslenskum fjármálamarkaði, m.a. við rekstur lífeyrissjóðs, kauphallar og verðbréfasjóða, en áður hafði hann starfað í flugrekstri, fjölmiðlun og kennslu, auk ráðgjafarstarfa erlendis.

Stefán er varaformaður stjórnar Íslenskra verðbréfa hf. og hefur setið í stjórninni frá mars 2011. Hann á engin hlutabréf í félaginu.

Stefán situr einnig í stjórnnum Byrs hf. og Allianz Ísland hf. Hann er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

**Halldór Halldórsson** er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og starfaði í tólf ár sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Halldór hefur lengi starfað bæði við einka- og opinbera geirann. Hann starfaði við fiskvinnslu og sjómennsku, rak í sjö ár eigið fyrirtæki við bókhaldsþjónustu, ráðgjöf og fasteigna- og skipasölu. Halldór hefur jafnframt kennt bæði í grunnskóla og á framhaldsstigi.

MVL

SA



Hann er fæddur 1964 og stundaði nám í stjórnmálafræði og viðskiptafræði. Hann er lögg. fasteigna-, og skipasali og með diplómanám í stjórnslufræðum. Hann stundar nú MBA nám við Háskóla Íslands.

Halldór er fulltrúi Íslands á sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins í Strasbourg frá 2006 (Council of Local and Regional Authorities), stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og í stjórnnum fleiri félaga og fyrirtækja.

Halldór hefur setið í stjórn Íslenskra verðbréfa hf. frá mars 2011. Hanná engin hlutabréf í félaginu

**Einar Ingimundarson** er framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf. og er fæddur árið 1974. Einar er lögfræðingur (mag.jur) frá Háskóla Íslands 2007 og hefur einnig lokið BS-prófi í hagfræði frá sama skóla. Einar hlaut hdl. réttindi í nóvember 2009.

Áður en Einar hóf störf hjá Íslenskum verðbréfum starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og þar áður sem fulltrúi hjá sýslumanninum á Akureyri. Á árunum 2000-2002 starfaði hann á verðbréfasviði Búnaðarbanka Íslands hf. og hann starfaði hjá Fjármálaeftirlitinu 2004-2005, samhliða námi í lögfræði.

## Gildi og samfélagsleg ábyrgð

Fjármálafyrirtæki sem ekki nýtur trausts og trúverðugleika á litla framtíð fyrir sér. Félagið gerir sér grein fyrir að traust og trúverðugleiki helst í hendur við siðferði starfsmanna. Íslensk verðbréf hf. leggja því höfuðáherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins gagnvart hluthöfum, viðskiptavinum og samfélaginu í heild. Þessi atriði endurspeglast í innri reglum félagsins og einnig í þeirri viðskiptahugmynd sem starfsemi þess byggir á, þ.e. að vera sérhæft eignastýrngarfyrirtæki og keppa þannig ekki við viðskiptavinina sína um bestu fjárfestingakostina. Þá er við ráðningu nýrra starfsmanna leitar félagið eftir fólki með reynslu og þekkingu á fjármálamarkaði og óflekkað mannorð.

Félagið hefur sett sem tiltekin gildi sem ætlað er að vera starfsmönnum leiðarljós í störfum sínum. Gildin eru eftirfarandi:

- Traust
- Framúrskarandi þjónusta
- Frumkvæði
- Árangur
- Liðsheild

Félagið er einnig meðvitað um samfélagslega ábyrgð sína og hefur hana að leiðarljósi í starfseminni. Félagið hefur meðal annars stutt dyggilega við íþróttaiðkun barna og unglunga sem og ýmis önnur góð málefni.

Mib  
su  


## Samskipti hluthafa og stjórnar

Íslensk verðbréf birta fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu og senda jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið í starfsemi félagsins. Að auki geta hluthafar hvenær sem er haft samband við framkvæmdastjóra og/eða stjórnarmenn ef spurningar vakna í huga þeirra.

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og þar er hluthöfum heimilt að tjá sig um málefni félagsins.

Akureyri 21. september 2011

Stjórn Íslenskra verðbréfa hf.



Magnús Gauti Gautason

formaður stjórnar



Stefán Halldórsson



Halldór Halldórsson